



Borgarráð

Reykjavík, 8. júní 2026

MSS26060033

Tillögur vegna aðalfundar Faxaflóahafna sf.

Boðað hefur verið til aðalfundar í Faxaflóahöfnum sf. í samræmi við gr. 4.1 í sameignarfélagssamningi félagsins föstudaginn 12. júní 2026 kl. 13:30 að Tryggvagötu 17, Reykjavík. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Dagskrá aðalfundar Faxaflóahafna sf. þann 12. júní 2026 er eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag þess og rekstri á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. gr.
3. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu. *Hafnarstjórn leggur til að á árinu 2026 verði úttekt vegna afkomu rekstrarársins 2026 til eigenda að fjárhæð 1.639 millj.kr. Tillöguna er að finna á bls. 3 í meðfylgjandi ársreikningi félagsins.*
4. Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar. *Ný stefna Faxaflóahafna sf. fyrir árin 2024-2030 var lögð fram á aðalfundi 2025.*
5. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar. *Ekki er lögð fram tillaga af hálfu stjórnar þar sem þrjú síðustu ár hefur afgangur á fyrirliggjandi tillögu verið frestað.*
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar. *Tillaga er um óbreytta starfskjarastefnu frá fyrra ári.*
7. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna hafi undirnefndir stjórnar verið skipaðar, fyrir störf þeirra á komandi starfsári. *Tillaga er um að stjórnarlaun samsvari flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg, líkt og gilt hefur undanfarin ár.*
8. Lýst kjöri stjórnar, sbr. grein 5.1.
9. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr. *Lagt er til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun reikninga félagsins.*



Reykjavík



10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Lagt er til að tillögur 1, 2, 3, 4, 6, 7 og 9 verði samþykktar en tillögu 5 frestað og hún tekin til umfjöllunar í sameiginlegum hópi eigenda um fjármagnsskipan Faxaflóahafna. Gert verði ráð fyrir sérstökum eigendafundi að aflokinni þeirri umfjöllun.

Varðandi tillögu 8 um kjör fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Faxaflóahafna sf. að þá leggur tilnefninganefnd borgarráðs leggur til að stjórnarkjöri verði frestað til framhaldsaðalfundar sem verður boðað til eigi síðar 15. sept. nk. sbr. útskrift fundargerðar dags. 6. mars 2026.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Faxaflóahafna sem haldinn verður 12. júní 2026.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundarboð vegna aðalfundar Faxaflóahafna sf.

Ársreikningur Faxaflóahafna

Stefna Faxaflóahafna 2024-2030

Starfskjarastefna Faxaflóahafna

Áhættustefna Faxaflóahafna

Innkaupastefna Faxaflóahafna sf. – Tillaga

Útskrift frá fundi tilnefninganefndar dags. 6. mars 2026.



Reykjavík

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Faxaflóahafna sf., kt. 530269-7529, verður haldinn **föstudaginn 12. júní 2026 kl. 13:30** í matsal Faxaflóahafna á 3. hæð í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag þess og rekstri á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. gr.
3. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.
5. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar.
7. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna hafi undirnefndir stjórnar verið skipaðar, fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
8. Lýst kjöri stjórnar, sbr. grein 5.1.
9. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Tillögur stjórnar undir dagskrárlíðum 4 og 6 eru óbreyttar frá fyrra ári og eru viðkomandi stefnur meðfylgjandi fundarboði þessu. Tillögu stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. dagskrárlíður 5, var á síðasta aðalfundi vísað til umfjöllunar í sameiginlegum hópi eigenda. Þeirri umfjöllun er ólokið.

Rétt til setu á aðalfundi Faxaflóahafna sf. eiga kjörnir aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum eigenda, bæjar- og sveitarstjórar eigenda, borgarstjórinn í Reykjavík, hafnarstjóri og endurskoðandi félagsins. Hafnarstjórn er jafnframt heimilt að bjóða öðrum til setu á fundinum.

Fundarboð er aðeins sent með tölvupósti á grundvelli heimildar í grein 4.3 í sameignarfélagssamningi um Faxaflóahafnir sf.

Vinsamlegast staðfestið móttöku á tölvupósti þessum.

Hafnarstjórn Faxaflóahafna sf.

FYLGISKJÖL

Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5.

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5.

Tillaga stjórnar um breytta áhættustefnu.

Ársreikningur ársins 2025.

2025

Ársreikningur
Faxaflóahafnir sf.



Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar	3-4
Áritun óháðs endurskoðanda	5-6
Rekstrarreikningur 2025	7
Efnahagsreikningur 31. desember 2025	8
Sjóðsstreymi ársins 2025	9
Skýringar ársins 2025	10-12
Sundurliðanir ársins 2025	13-14

Stjórn Faxaflóahafna sf.

Líf Magneudóttir, formaður

Hildur Björnsdóttir

Már Mátsson

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Guðm. Ingbór Guðjónsson

Helga Harðardóttir

Páll Brynjarsson

Kjörinn endurskoðandi

Theodór S. Sigurbergsson

Grant Thornton endurskoðun sf.

Skýrsla og áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, í Borgarnesi, á Grundartanga og í Reykjavík. Rekstur félagsins á árinu 2025 var í samræmi við samþykktu stefnu, fjárhagsáætlanir og lögbundið hlutverk hafnanna, sem mikilvægir innviðir fyrir atvinnulíf, samgöngur og þjónustu.

Ársreikningurinn er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið 2024.

Í stjórn félagsins sitja sjö stjórnarmenn; fjórar konur og þrjár karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 1.594 mkr., samanborið við 1.651 mkr. árið áður. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 20.115 mkr., en var 19.690 mkr. í upphafi árs. Úttekt eigenda er leidd út í samræmi við arðgreiðslustefnu sem samþykkt var af hafnarstjórn á 233. fundi stjórnar, þann 30. júní 2023 og að uppfylltum skilyrðum 3. gr. reglugerðar nr. 798/2009 um Faxaflóahafnir. Hafnarstjórn leggur til að á árinu 2026 verði úttekt vegna afkomu rekstrarársins 2025 til eigenda að fjárhæð 1.639 mkr. Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá félaginu á árinu umreiknaður í heilsársstörf var 81, og námu launagreiðslur félagsins 2.039 mkr.

Starfsemi Faxaflóahafna á árinu einkenndist af áframhaldandi miklum umsvifum, bæði hvað varðar vöruflutninga, þjónustu við farþega- og skemmtiferðaskip og sjávarútveg. Í framkvæmdum var lögð áhersla á uppbyggingu farþegaðstöðu, hafnaraðstöðu, öryggi, umhverfismál og orkuskipti, í samræmi við langtímastefnu félagsins.

Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir

Rekstur ársins 2025 gekk vel og var í takt við áætlun. Þjónusta við skemmtiferðaskip heldur áfram að vaxa og farþegaskipti eru orðin stór hluti þjónustuframboðs félagsins. Tekjur vegna skemmtiferðaskipakomu voru um 26% af heildartekjum félagsins, þrátt fyrir samdrátt í komum skemmtiferðaskipa til landsins. Vöruflutningar um höfnina voru í svipuðum mæli og árið áður, en aukning varð á tekjum félagsins af þeim með nýjum samningum við stóriðju. Vörugjöld eru áfram helsta tekjulind félagsins. Rekstrarstöðvun kerskála 2 hjá Norðuráli olli tekjumissi á síðustu mánuðum ársins.

Framkvæmdir við nýja farþegamiðstöð á Skarfabakka héldu áfram á árinu og gert er ráð fyrir að miðstöðin verði tekin í notkun fyrir sumarvertíð 2026. Miðstöðin veldur þáttaskilum í aðstöðu við móttöku ferðamanna og þjónustu við skemmtiferðaskip og utan sumarvertíðar verður hún leigð út fyrir viðburðarhald. Gerður hefur verið 5 ára leigusamningur við fyrirtækið Múlakaffi vegna þessa.

Lenging aðalhafnargarðs í Akraneshöfn var næststærsta fjárfesting ársins 2024 en áætluð verklok eru vorið 2026. Á árinu var farið í hækkun baksvæðis á Grundartanga, þar sem gá mavöllur var útbúinn fyrir stóriðjuna.

Megináhætta og óvissuþættir

Rekstur Faxaflóahafna sf. er að verulegu leyti háður breytingum og þróun í efnahagslífi, bæði innanlands og á alþjóðavísu. Hagsveiflur hafa áhrif á tekjumyndun félagsins, einkum þar sem vörugjöld af innflutningi eru veigamikil tekjulind. Samdráttur í efnahagsstarfsemi eða truflanir í alþjóðaviðskiptum geta því haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Áföll í ferðaþjónustu, hvort sem þau stafa af heimsviðburðum á borð við farsóttir, stríðsátök eða efnahagslega óvissu, geta einnig haft áhrif á rekstur félagsins.

Þjónusta við skemmtiferðaskip er orðin mikilvægur og vaxandi þáttur í starfsemi Faxaflóahafna, og breytingar á forsendum í þeirri grein geta haft áhrif á skipakomur og þar með tekjur. Breytingar á skattaumhverfi skemmtiferðaskipa, þar á meðal innviðagjöld og önnur opinber gjöld, geta haft áhrif á ákvörðun skipafélaga um viðkomu í íslenskum höfnum. Faxaflóahafnir sf. fylgjast náið með þessari þróun og meta reglulega áhrif hennar á rekstur og framtíðaráætlanir félagsins.

Áhrif stórra viðskiptavina á rekstur hafna geta jafnframt verið veruleg. Áfall sem varð í starfsemi Norðuráls síðla árs hefur áhrif á tekjur og nýtingu hafnaraðstöðu á svæðinu.

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavíkurborg	75,5551%
Akraneskaupstaður	10,7793%
Hvalfjarðarsveit	9,3084%
Borgarbyggð	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%

Yfirlýsing stjórnar og hafnarstjóra

Þessi ársreikningur sýnir að afkoma og fjárhagsstaða félagsins er sterk og að mati hafnarstjórnar og hafnarstjóra hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi félagsins.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

?

Reykjavík, 20. mars 2026

Stjórn:

Hafnarstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa félagsins Faxaflóahafnir sf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins Faxaflóahafnir sf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og hafnarstjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlitri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og hafnarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og hafnarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og hafnarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er

- meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfylfum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Theodor S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Sif Jónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík
20. mars 2026

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Sala á vörum og þjónustu		6.985.162	6.463.389
Hagnaður (tap) af sölu fastafjármuna		5.817	5.652
		<u>6.990.980</u>	<u>6.469.041</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	3	(2.039.112)	(1.844.596)
Rekstrarkostnaður		(2.548.183)	(2.396.490)
Afskriftir	5	(1.037.311)	(898.037)
		<u>(5.624.606)</u>	<u>(5.139.123)</u>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		1.366.374	1.329.918
Fjármagnsliðir			
Fjármunatekjur		235.513	306.108
Fjármagnsgjöld		(2.669)	(9.490)
Gengismunur		(611)	391
		<u>232.233</u>	<u>297.009</u>
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага		(4.141)	(8.851)
Hagnaður ársins		<u>1.594.466</u>	<u>1.651.883</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	2025	2024
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		5.767.612	3.652.354
Hafnir og mannvirki		10.387.528	9.610.977
Gatnakerfi		531.977	558.886
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki		1.085.587	1.224.321
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	<u>17.772.704</u>	<u>15.046.537</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignahlutir í öðrum félögum	6	<u>65.271</u>	<u>70.100</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur		<u>65.271</u>	<u>70.100</u>
		<u>17.837.975</u>	<u>15.116.636</u>
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		256.951	414.566
Næsta árs afborganir langtímakrafna		0	12.029
Handbært fé:			
Sjóður og bankainnistæður		<u>2.833.402</u>	<u>4.821.279</u>
		<u>3.090.353</u>	<u>5.247.874</u>
		<u>20.928.328</u>	<u>20.364.510</u>
Eigið fé og skuldir			
Óráðstafað eigið fé		<u>20.115.999</u>	<u>19.690.533</u>
	Eigið fé	<u>20.115.999</u>	<u>19.690.533</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>812.329</u>	<u>673.977</u>
	Skuldir alls	<u>20.928.328</u>	<u>20.364.510</u>
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	8		

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		1.594.466	1.651.883
Rekstrarliðir em ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir	5	1.037.311	898.037
Söluhagnaður		(12.600)	(39.460)
Verðbætur skuldabréfaeign		0	(2.706)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага		4.141	8.851
		<u>2.623.318</u>	<u>2.516.605</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun (lækkun)		157.615	(65.455)
Skammtímaskuldir, (hækkun) lækkun		138.351	114.009
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>295.966</u>	<u>48.554</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>2.919.285</u>	<u>2.565.160</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum		(3.766.862)	(1.782.960)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		8.300	13.300
Lóðaúthlutun		6.783	33.807
Breyting á eignahlutum		1.589	0
Afborganir langtímakrafna		12.029	25.154
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(3.738.161)</u>	<u>(1.710.698)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Úttekt eigenda		(1.169.000)	(84.000)
		<u>(1.169.000)</u>	<u>(84.000)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		<u>(1.987.877)</u>	<u>770.461</u>
Handbært fé í byrjun tímabils		4.821.279	4.050.817
Handbært fé í lok tímabils		<u>2.833.402</u>	<u>4.821.279</u>

Skýringar 2025

1. Starfsemi

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, í Borgarnesi, á Grundartanga og í Reykjavík.

Félagið er með aðalstarfsstöð í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferð og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er hluti af samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Verðlags- og gengisviðmið

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2026. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi Seðlabanka Íslands í lok árs 2025. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning tekna

Tekjur af leigu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Eignatekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt á hendi. Tekjur af leigu og þjónustu er framsettar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Skattamál

Félagið er undanþegið tekjuskattskyldu og hafnarsjóðir eru undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum, öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar í félögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru ekki færðir m.v. hlutdeildaraðferð og ekki gerð samstæða þar sem áhrif félaganna eru óveruleg.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Í rekstrarreikningi ársins eru gjaldfærðar 2,8 millj. kr. vegna hækkunar niðurfærslu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun	1.525.599	1.464.976
Lífeyrissjóðsgjöld	319.940	217.896
Önnur launatengd gjöld	197.443	176.256
Eignfærður launakostnaður	(3.871)	(14.532)
Laun og launatengd gjöld samtals	2.039.112	1.844.596

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf

81,6 77,6

Launagreiðslur til stjórnenda félagsins:

Laun til stjórnar og hafnarstjóra

66.515 65.504

Á árinu var gjaldfærð óframkomin lífeyrisskuldbinding vegna eldri starfsmanna 95 m.kr.

4. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 9,5 millj.kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi. Niðurfærsla krafna greinist þannig:

	2025	2024
Niðurfærsla í ársbyrjun	8.352	25.641
Tapaðar kröfur á árinu	(1.604)	(2.176)
Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu	2.799	(15.113)
Niðurfærsla í árslok	9.547	8.352

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Hafnir og mannvirki	Gatnakerfi	Bátar, bílar, búnaður	Samtals
Heildarverð 01.01	8.269.092	22.820.735	1.252.559	2.911.317	35.253.704
Afskrifað áður	(4.616.738)	(13.209.759)	(693.674)	(1.686.997)	(20.207.167)
Bókfært verð 01.01	3.652.354	9.610.977	558.886	1.224.321	15.046.537
Viðbót á árinu	2.273.031	1.380.923	11.848	101.060	3.766.862
Selt og niðurlagt (stofnverð)	0	0	0	(14.848)	(14.848)
Selt og niðurlagt (afskriftir)	0	0	0	11.464	11.464
Afskrifað á árinu	(157.773)	(604.372)	(38.757)	(236.410)	(1.037.311)
Bókfært verð 31.12	5.767.612	10.387.528	531.977	1.085.587	17.772.704
Heildarverð 31.12	10.542.122	24.201.659	1.264.408	2.997.530	39.005.718
Afskrifað áður	(4.774.510)	(13.814.131)	(732.430)	(1.911.943)	(21.233.014)
Bókfært verð 31.12	5.767.612	10.387.528	531.977	1.085.587	17.772.704

Afskriftahlutföll	2,5-4%	4-10%	4%	10-20%
Áætlaður nýtingartími	25-40 ár	10-25 ár	25 ár	5-10 ár

5. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.)

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins greinist þannig:

	Fasteignamat 31.12.2025	Váttryggingamat 31.12.2025
Fasteignir	7.520.110	13.497.025
Lóðir	52.403.573	0
Bátar	0	1.596.000
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	0	355.516
Samtals	59.923.683	17.394.340

6. Eignarhlutir í félögum

Hlutabréf í eigu félagsins Faxaflóahafnir sf. greinast þannig:

	Eignahlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Halakot ehf. Reykjavík	100%	2.000	515
Vatnsveitufélag Hvarfjarðarsveitar sf., Akranes	50%	25.500	63.880
Þróunarfélag Grundatanga ehf., Grundatanga	17%	750	876
		28.250	65.271

Hlutur félagsins í Aflvaka ehf. var seldur á árinu.

Faxaflóahafnir sf. er helmingseigandi að Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar sf., en tilgangur félagsins er öflun vatns vegna starfsemi á Grundartanga og í svonefndu Hagamelshverfi. Skuldbindingar Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar í árslok nema um 0,7 millj.kr. Faxaflóahafnir bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2025	2024
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs	19.690.533	18.122.649
Úttekt eigenda	(1.169.000)	(84.000)
Hagnaður ársins	1.594.466	1.651.883
Eigið fé í lok tímabils	20.115.999	19.690.533

8. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Aðrar skammtímaskuldir

Skuldbindingar vegna verksamninga sem ólokið er um áramótin námu um 585 millj. kr. í árslok 2025.

Húsaleiguskuldbinding

Félagið er með húsnæði á leigu. Samningurinn er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er sex mánuðir. Skuldbinding vegna hans nemur 36,9 millj.kr. í árslok.

9. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengd félög árið 2025:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Reykjavíkurborg	22.317.825	1.250.986	2.533.644	33.486.019
Systurfélög	(12.649.589)	(649.165)	(1.317.863)	(19.316.758)
Aðrir tengdir aðilar	9.668.236	601.820	1.215.781	14.169.262
Samtals	19.336.473	1.203.641	2.431.562	28.338.524

10. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til ytri endurskoðenda félagsins á árinu 2025 nam 5,9 millj. Kr. (2024 5,2 millj.kr.).

Sundurliðanir ársins 2025

	2025	2024
11. Sala á vöru og þjónustu		
Vörugjöld	1.881.859	1.648.308
Aflagjöld	247.584	257.008
Skipagjöld	1.001.810	970.544
Farþegagjöld	154.629	133.465
Eignatekjur	1.440.138	1.382.744
Hafnarþjónusta	1.739.932	1.377.555
Siglingavernd	513.872	693.764
Aðrar tekjur	11.155	0
Sala á vöru og þjónustu samtals	6.990.980	6.463.389
12. Laun og tengd gjöld		
Laun	1.071.763	989.628
Yfirvinna	264.941	292.425
Vaktaálag	176.288	167.563
Bílastyrkur og greiddur akstur	12.607	15.361
Dagpeningar	3.951	3.220
Fæðispeningar	12.044	9.744
Tryggingagjald	111.168	107.513
Lífeyrissjóðsgjöld	319.940	217.896
Önnur launatengd gjöld	65.222	51.300
Eignfærður launakostnaður	(3.871)	(14.532)
Styrkir og framlög til starfsmanna	5.059	4.479
Laun og tengd gjöld	2.039.112	1.844.596
Rekstrarkostnaður		
13. Starfsmannatengdur kostnaður		
Námskeið og ráðstefnur	25.164	18.971
Vinnufatnaður	5.160	4.954
Slysatryggingar	6.717	9.059
Annar starfsmannakostnaður	41.042	42.273
Starfsmannatengdur kostnaður	78.084	75.256
14. Vörur og aðkeypt þjónusta		
Vörur og þjónusta	400.680	410.342
Áhöld og tæki	18.179	10.232
Verktakaþjónusta	348.845	396.126
Öryggisþjónusta	558.433	399.451
Rafmagn og vatn til endursölu	96.920	113.443
Aðkeyptur akstur	71.794	81.409
Sorp, förgun, úrgangur	38.494	27.829
Vörur og aðkeypt þjónusta	1.533.345	1.438.833
15. Húsnæði í útleigu		
Rafmagn og kalt og heitt vatn	39.254	31.202
Viðhald og viðgerðir	31.318	113.337
Skattar og tryggingar	101.252	86.458
Húsnæði í útleigu	171.824	230.997

Sundurliðanir ársins 2025 (frh.)

16. Bílar, bátar og vinnuvélar		
Bensín, olíur og aðrir orkugjafar	62.096	57.428
Skattar og tryggingar	14.197	12.147
Viðhald og viðgerðir	42.611	62.497
Bílar, bátar og vinnuvélar	118.903	132.072
17. Skrifstofa og stjórnun		
Skrifstofuvörur	17.374	19.834
Hreinlætisvörur og þrif	20.683	27.086
Rekstur kaffistofu	10.188	11.292
Ferðakostnaður	14.866	11.216
Rekstur bifreiða	1.705	1.523
Fundarkostnaður	2.864	3.887
Félags- og aðildagjöld	14.717	11.036
Upplýsingatæknikostnaður	149.881	103.888
Skattar og tryggingar	14.388	30.456
Annar stjórnunarkostnaður	1.604	(11.638)
Skrifstofa og stjórnun	248.269	208.580
18. Húsnæði í eigin notkun		
Húsaleiga	72.398	70.656
Rafmagn og kalt og heitt vatn	23.279	20.852
Viðhald og viðgerðir	71.580	25.896
Skattar og tryggingar	22.811	27.095
Húsnæði í eigin notkun	190.068	144.499
19. Kynningamál		
Auglýsingar	4.299	2.640
Markaðsmál	45.691	28.192
Ráðstefnur	4.280	4.696
Styrkir og framlög	22.183	29.300
Kynningamál	76.453	64.827
20. Sérfræðiþjónusta		
Rannsóknir og mengunarvarnir	13.036	9.285
Ýmis sérfræðiþjónusta	87.158	60.689
Reikningsleg aðstoð	5.865	7.622
Lögfræðiaðstoð	25.178	23.831
Sérfræðiþjónusta	131.237	101.427

Undirritunarsíða

Líf Magneudóttir

Guðmundur Ingbór Guðjónsson

Helga Harðardóttir

Hildur Björnsdóttir

Már Másson

Páll Snævar Brynjarsson

Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir

Gunnar Tryggvason

Sif Jónsdóttir

Theodór Siemsen Sigurbergsson

Stefna Faxaflóahafna

2024-2030





Sýn

Við aukum lífsgæði á Íslandi

Hlutverk

Við rekum öruggar, grænar og skilvirkar hafnir og tengjum stærsta markaðs- og atvinnusvæði Íslands við umheiminn og miðin.



Gildin okkar

Heilindi

Við komum fram af heiðarleika gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum. Miðlum upplýsingum á opinn og gagnsæjan hátt og erum ófeimin við að leyfa öðrum að fylgjast með árangri okkar. Göngumst við mistökum og drögum lærdóm af þeim. Stuðlum að opinni og afslappaðri menningu og umberum ekki baktal.

Öryggi

Með öguðum vinnubrögðum, góðri upplýsingamiðlun og vilja til að gera okkar besta, setjum við öryggi farþega, starfsfólks og viðskiptavina í öndvegi og lágmörkum áhættu í rekstri. Vinnum sem eitt teymi við að stuðla að skilvirkni og áfallalausum rekstri. Samskipti meðal starfsfólks og við viðskiptavini einkennast af virðingu óháð viðfangsefnum og uppruna.

Fagmennska

Fagmennska felst í vilja til að þróa þjónustu með viðskiptavinum í samræmi við það sem best gerist. Við leggjum okkur fram um að vera fyrirmynd ekki síst á sviði tækni og grænna lausna. Nálgumst verkefni okkar af virðingu fyrir samfélaginu og umhverfinu og leitum lausna sem draga úr áhrifum á umhverfi. Aðstoðum hvert annað við að ná árangri á öllum sviðum starfseminnar. Erum árangursdrifin og fögnum saman stórum og smáum sigrum.

HVAÐ

Loforð

Við þróumst í takt við þarfir samfélagsins, atvinnulífsins og umhverfisins.

HVERNIG

Hlutverk

Með því að reka öruggar, grænar og skilvirkar hafnir og tengja stærsta markaðs- og atvinnusvæði Íslands við umheiminn og miðin.

HVERS VEGNA

Okkar sýn

Því þannig aukum við lífsgæði á Íslandi.

Vörumerkjasaga

Áður en símstrengir og flugvélar komu til sögunnar voru skip tengiliður Íslands við umheiminn. Vörur, fólk og fréttir komu sjóleiðina til landsins.

Frá því höfnin varð til hefur hún verið þungamiðja atvinnulífs í Reykjavík og mæla mátti efnahagsástand þjóðfélagsins eftir ysinum við höfnina.

Með tímanum hefur hlutverk hafnarinnar lítið breyst, þó allt sé nú stærra í sniðum. Saga hafnar er saga bæjar í borg, saga þróunar, uppbyggingar og aukinna lífsgæða.

Faxaflóahafnir eru afsprengi þessarar arfleifðar og byggja á 100 ára hafnarsögu. Þar sem reynsla, þekking og samvinna hafa spilað lykilþátt í þróun og uppbyggingu innviða.

Í dag leggjum við okkur fram við að reka öruggar, grænar og skilvirkar hafnir sem gegna fjölbreyttum hlutverkum á sviði sjávarútvegs, verslunar, vöruflutninga, afþreyingar og menningar.

Þannig hafa hafnir á Faxaflóasvæðinu ávallt þróast í takt við þarfir samfélagsins, með það að markmiði að auka lífsgæði á Íslandi.



Viðskiptavinir og hagaðilar

Við styðjum verðmætasköpun í samfélaginu með þróun mikilvægra innviða. Þróun á starfsemi miðar alltaf að því að styðja við virka samkeppni á flutningamarkaði og í atvinnulífi, almenningi til hagsbóta.

Við sköpum viðskiptatækfæri í tengslum við komur skemmtiferðaskipa og leggjum sérstaka áherslu á að fjölga skiptifarþegum því það skapar verðmæti í samfélaginu. Starfssvæði sjávarútvegs verður útvíkkað þannig að það styðji við þróun hans og þjónustu við hann til framtíðar. Faxaflóahafnir leggja stöðugt sitt af mörkum til nýsköpunar og við að leita lausna á helstu áskorunum samtímans.

MARKMIÐ

- 01** Aukum hlutfall skiptifarþega skemmtiferðaskipa úr 52% í 60% 2026 og 70% árið 2030 (endurskoðað eftir ákvörðun um skattbreytingar).
- 02** Stuðla að þróun Sundahafnar með tilliti til virkrar samkeppni á markaði vöruflutninga
- 03** Færum búlkaskip á nýjan stað fyrir árslok 2031.
- 04** Þróum verðskrá í betra samhengi við kostnað fyrir árslok 2026.
- 05** Greina hagkvæmustu leiðir og koma í farveg lausn varðandi reksturinn á DOKK fyrir árslok 2026 með sérstakri áherslu á eignarhald og hagsmuni Faxaflóahafna.
- 06** Aukum tekjur á lengdarmetra hafnarbakka, mest um 40% á Grundartanga.
- 07** Starfssvæði sjávarútvegs í okkar höfnum verði útvíkkað þannig að það styðji við þróun hans og þjónustu við hann til framtíðar.
- 08** Innleiðum áhersluatriði í samskiptamálum fyrir árslok 2025.



Umhverfi og samfélag

Saga Faxaflóahafna er samofin sögu samfélagsins og 100 ára hafnarsögu svæðisins. Faxaflóahafnir ætla áfram að taka þátt í að móta sögu þróunar, uppbyggingar og aukinna lífsgæða. Við öxlum ábyrgð gagnvart náttúrunni, umhverfinu og samfélaginu í öllum okkar störfum. Hvötum er beitt og innviðir þróaðir með það að markmiði að draga úr losun við hafnarbakka og innan hafnarsvæða. Markvisst er unnið með minnkað kolefnisspor og hækkað endurvinnsluhlutfall á sama tíma og allra leiða er leitað til að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og slys. Faxaflóahafnir standa fyrir og styðja við mikilvæg samfélagsverkefni sem tengjast starfseminni á einn eða annan hátt og vilja þannig styrkja enn frekar góðar tengingar við samfélagið.

- 01** Beitum hvötum og byggjum innviði til að vinna að minnkun á losun við hafnarbakka úr 57 þús.t. í 50 þús.t. árið 2027 og í 15 þús.t. fyrir árslok 2030.
- 02** Vöktum loftgæði með skipulögðum hætti og niðurstöðum miðlað í rauntíma.
- 03** Tökum fyrsta rafmagnsbátinn í notkun 2027 og öllum ökutækjum hefur verið skipt í hreinorku 2030.
- 04** Minnkum kolefnisspor í innri rekstri úr 1.313 tonn af CO2 ígildum árið 2023 í 550 tonn árið 2030.
- 05** Endurvinnsluhlutfall frá eigin starfsemi verði 90% og frá hafnarsvæðum 60% árið 2030.
- 06** Skráum öll mengunaratvik, leggjum okkur fram um rakningu þeirra, vinnum að forvörnum og mælum árangur.
- 07** Miðla markvisst stefnu og áherslum Faxaflóahafna í umhverfis- og loftslagsmálum.
- 08** Standa fyrir og styðja við mikilvæg samfélagsverkefni sem tengjast starfseminni á einn eða annan hátt.

MARKMIÐ

Ábyrgur rekstur

Eigendur Faxaflóahafna gera ríkar kröfur um ábyrgan rekstur samhliða öflugri innviðauppbygginu í samfélaginu. Með metnaðarfullri stefnu um þróun innviða, kraftmikla fjárfestingu og gott samstarf við viðskiptavini í undirstöðu atvinnugreinum landsins ætla Faxaflóahafnir að viðhalda vexti á komandi árum. Samhliða þessu mun stafræn þróun, hagnýting tækninnar, sjálfvirknivæðing ferla og bætt nýting hafna og fasteigna leiða til bættrar rekstrarafkomu.

MARKMIÐ

- 01** Árlegur tekjuvöxtur á föstu verðlagi verði að meðaltali 3% með nýjum tekjustofnum og betri nýtingu eigna (hafnarbakka, lóðum og fasteignum).
- 02** EBITDA hækki um 5% á ári.
- 03** Metnaðarfull fjárfestingaráætlun styður við markmið í tekjuvexti og áherslur í öryggis- og umhverfismálum.
- 04** Auka leigutekjur um 20% í Reykjavík 2030 m.v. 2023.
- 05** Auka tekjur af lóðaleigu á Grundartanga um 30% árið 2030 m.v. 2023.
- 06** Í samskiptum er fjárhagslegur ávinningur fyrirtækisins settur í samhengi við ávinning eigenda þess.
- 07** Almennigur upplifir að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni samfélagsins og umhverfisins að leiðarljósi.



Mannauður og þekking

Menning Faxaflóahafna endurspeglar gildi félagsins heilindi, öryggi og fagmennsku auk þess sem horft er til fjölbreytileika og jafnréttis. Við leggjum áherslu á þekkingaröflun og miðlun, samhliða skýrum ferlum þegar kemur að mannauðsmálum og leggjum okkur fram um að kynna starfsemi og störf Faxaflóahafna með markvissum hætti fyrir komandi kynslóðum, nemendum og öðrum mögulegum framtíðar starfsmönnum með það að leiðarljósi að auka fjölbreytileika.

- 01** Gerum ánægju starfsfólks að sameiginlegu verkefni allra og hækkum starfsánægju í 4,0 2026 og yfir á styrkleikabil (>4,2) fyrir árið 2030.
- 02** Bætt kostnaðarvitund með aukinni upplýsingagjöf og fræðslu.
- 03** Vinnum að því að auka fjölbreytileika í hópi starfsfólks. Jöfnum hlutföll þannig að ekkert eitt kyn verði meira en 80% af hópnum 2030 og 60% í stjórnendastörfum 2030.
- 04** Leitum eftir þátttöku í samfélagsverkefnum með það að markmiðum að auka fjölbreytileika í hefðbundnum karlastörfum.
- 05** Bætum virkni starfsfólks í hópvinnumakerfum og komum allri skráningu á fræðslu, æfingum áhafna og úttektum inn fyrir árslok 2025
- 06** Innleiða bætt ferli í móttöku nýliða.
- 07** Gerum jákvæða hvatningu part af okkar menningu og mælum hverjir fá hrós reglulega, setjum markið á 70% .
- 08** Lækkum meðalaldur samhliða endurnýjun í hópnum og aukinni áherslu á fjölbreytileika.

MARKMIÐ

Þróun innviða

Faxaflóahafnir taka virkan þátt í samfélaginu og nýta sérþekkingu sína í þágu þess. Við greinum hver framtíðarþróun innviða þarf að vera fyrir hafnsækna starfsemi í þágu samfélagsins, umhverfisins og atvinnulífsins. Með auknu rými undir hafnsækna starfsemi á lóðum félagsins mætum við væntingum hagaðila og sköpum forsendur fyrir aukna skilvirkni í starfsemi viðskiptavina. Landtengingar og lausnir sem boðnar eru í samstarfi við orkufyrirtæki eru sömuleiðis mikilvægur liður í innviðaþróun Faxaflóahafna á komandi árum. Í allri þróun og áherslum er öryggi sameiginlegt leiðarljós sem unnið er að með samstilltu átaki og stöðugri fræðslu.

MARKMIÐ

- 01** Ljúkum hagkvæmniathugun 2025 til að undirbúa framtíðarþróun Sundahafnar, forgangsraða framkvæmdum og setja þær á tímalínu.
- 02** Stefnt er að 0 fjarveruslysum.
- 03** Höfum flutt inn í nýtt hafnarhús með alla starfsemi í Reykjavík 2030.
- 04** Tryggjum áframhaldandi öryggi í rekstri upplýsingatæknikerfa og höldum núllinu í netöryggisfrávikum.
- 05** Höldum áfram uppfærslu tækni-umhverfis og hættum notkun á AS400 fyrir árslok 2027
- 06** Ný heimasíða sem styður við vörumerkjasögu Faxaflóahafna og lykilskilaboð tekin í notkun fyrir lok árs 2025.



Reynsla og uppbygging fyrir aukin lífsgæði

Frá upphafi hafa Faxaflóahafnir tryggt að hafnarinnviðir vaxi í takt við þarfir samfélagsins. Reynsla, þekking og samvinna hafa spilað lykilhluverk í þróun og uppbyggingu hafnarsvæðanna. Aukin lífsgæði íbúa landsins bindast uppbyggingu hafna órjúfanlegum böndum. Í dag tengja Faxaflóahafnir umheiminn og miðin við stærsta markaðsog atvinnusvæði Íslands.

Samfélag og samvinna, Mannlíf og menning á hafnarsvæðum

Faxaflóahafnir taka virkan þátt í samfélaginu og nýta sérþekkingu sína í þágu þess. Við störfum í samvinnu við nærumhverfi okkar og leggjum áherslu á að mannlíf blómstri á hafnarsvæðum með rými fyrir fjölbreytta starfsemi.

Nýsköpun og framsækni. Grænar hafnir framtíðarinnar

Við greinum hver framtíðarþróun innviða þarf að vera fyrir hafsækna starfsemi í þágu samfélagsins, umhverfisins og atvinnulífsins. Faxaflóahafnir leggja sitt af mörkum til nýsköpunar og við að leita lausna á helstu áskorunum samtímans.

Arfleifð og seigla Öflug gátt Íslands við umheiminn

Faxaflóahafnir byggja á 100 ára hafnar sögu. Saga hafnar er saga umbreytingar úr bæ í borg, saga þróunar og uppbyggingar og aukinna lífsgæða. Faxaflóahafnir eru í dag ein megingátt flutninga til og frá Íslandi - mikilvægar þá sem nú.



Starfskjarastefna Faxaflóahafna sf.

1. gr. Markmið

1. Markmið starfskjarastefnu Faxaflóahafna sf. er að stuðla að því að hafa ávallt á að skipa hæfu starfsfólki með því að laða til sín hæfustu stjórnendur og starfsmenn á hverjum tíma og með því viðhalda góðu þjónustustigi starfseminnar og samkeppnisstöðu félagsins.
2. Til að tryggja markmið félagsins er nauðsynlegt að stjórn félagsins hafi heimild til að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur til stjórnenda og starfsmanna sem tíðkast hjá sambærilegum félögum. Félagið skal þó ekki vera leiðandi í launaþróun á vinnumarkaði.
3. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum.
4. Launakerfi Faxaflóahafna sf. skal hafa jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi og sambærileg laun skulu greidd fyrir sambærilegt vinnuframlag og árangur. Kynbundinn launamunur má ekki vera til staðar.
5. Stefnan skal hvetja til ábyrgðar í rekstri og vera þannig liður í að gæta að langtímahagsmunum eigenda, viðskiptavina, starfsfólks og annarra hagsmunahafa.

2. gr. Starfskjaranefnd

1. Stjórn félagsins skal kjósa tvo aðila úr sínum hópi í starfskjaranefnd og að auki einn óháðan aðila.

3. gr. Hlutverk starfskjaranefndar.

1. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjör stjórnenda félagsins og annarra starfsmanna. Nefndin skal vera ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund.
2. Nefndin skal fylgjast með að starfskjör stjórnenda og starfsmanna séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa félagsstjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins.
3. Gera tillögu um þóknun til stjórnarmanna fyrir líðandi kjörtímabil sem lögð skal fyrir aðalfund.
4. Annast þau mál sem stjórn Faxaflóahafna sf. felur nefndinni hverju sinni.

4. gr. Þóknun stjórnarmanna

1. Stjórnarmenn fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Formaður fær tvöföld stjórnarlaun. Starfskjaranefnd gerir tillögu til stjórnar að mánaðarlegri þóknun stjórnarmanna. Skal þóknunin endurskoðuð 1. september ár hvert.
2. Stjórnarmenn sem taka sæti í starfskjaranefnd eða öðrum undirnefndum stjórnar, eða þeir stjórnarmenn sem taka að sér veigamikil aukastörf fyrir hönd stjórnar, fá greidda þóknun í formi tímagjalds. Starfskjaranefnd gerir tillögu til stjórnar að tímagjaldi. Skal þóknunin endurskoðuð 1. september ár hvert.

5. gr. Starfskjör hafnarstjóra

1. Hafnarstjóri er ráðinn af stjórn Faxaflóahafna sf. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hafnarstjóra. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til hafnarstjóra skal taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins og skal ávallt vera samkeppnishæf við sambærileg félög.
2. Kjör hafnarstjóra skal endurskoða árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati starfskjaranefndar á frammistöðu hafnarstjóra, þróun launakjara almennt í sambærilegum fyrirtækjum og afkomu félagsins. Við mat á frammistöðu hafnarstjóra skal höfð hliðsjón af stjórnendamati, vinnustaðagreiningu, rekstrarárangri og framgangi lykilverkefna þar sem það á við.
3. Við starfslok skal ekki koma til frekari greiðslna en um var samið í ráðningarsamningi.

6. gr. Annað starfsfólk Faxaflóahafna sf.

1. Gera skal skriflega ráðningarsamninga við starfsfólk félagsins.
2. Hafnarstjóri ræður þá stjórnendur sem heyra beint undir hann í skipuriti. Hann ákvarðar laun þeirra og endurskoðar þau reglulega í samræmi við 1. gr. starfskjarastefnunnar og jafnlaunaviðmið. Sviðsstjórar ráða annað starfsfólk og ákvarða laun þeirra og endurskoða þau, sömuleiðis í samræmi við 1. gr. og jafnlaunaviðmið.
3. Starfskjör stjórnenda skulu taka mið af kjörum stjórnenda hjá sambærilegum fyrirtækjum að umfangi og eðli. Skulu kjör þessi m.a. taka mið af frammistöðu viðkomandi starfsmanns, afkomu félagsins, mikilvægra áfanga í rekstri og starfsemi félagsins að öðru leyti, þar á meðal hvort settum markmiðum hafi verið náð.
4. Við starfslok stjórnenda og annarra starfsmanna skal almennt ekki koma til frekari greiðslna en um var samið í ráðningarsamningi. Hafnarstjóra er þó heimilt að leggja tillögu fyrir stjórn um frávík frá þessu.

7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu, upplýsingagjöf og fleira

1. Starfskjarastefna félagsins skal samþykkt af stjórn og tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.
2. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess nema lög mæli fyrir um annað. Öll veruleg frávík frá starfskjarastefnunni skulu færð til bókar í fundargerðarbók stjórnar og rökstudd. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.
3. Á aðalfundi ber stjórn að gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félagsins auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

Samþykkt í stjórn Faxaflóahafna þann 25. mars 2025.

Áhættustefna Faxaflóahafna

Áhættustefna þessi er sett af stjórn Faxaflóahafna að fenginni tillögu frá hafnarstjóra og myndar umgjörð áhættustýringar fyrirtækisins.

1. TILGANGUR OG UMFANG

Tilgangur áhættustefnu Faxaflóahafna er að styðja við samræmda áhættustýringu í rekstri og starfsemi fyrirtækisins. Þannig stuðlar hún að því að Faxaflóahafnir nái markmiðum sínum um að reka öruggar, grænar og skilvirkar hafnir.

Áhættustefnan er bindandi fyrir allt starfsfólk og nær til allra lögaðila sem veita Faxaflóahöfnum þjónustu. Stefnan nær einnig til rekstrar- og viðskiptaferla, upplýsingavinnslu og aðstöðu, allra kerfa, eigna, búnaðar og verðmæta sem eru í eigu og umsjón fyrirtækisins.

2. STEFNA

Áhættustýring er órjúfanlegur hluti af stefnumótun, áætlanagerð og daglegum rekstri Faxaflóahafna. Áhættugreining og stjórnun er hluti af ákvarðanatöku á öllum stjórnstigum.

Áhættustefnan er í samræmi við stefnu Faxaflóahafna og tengist sérstaklega eftirfarandi meginmarkmiðum

- Tryggja öryggi fólks, umhverfis og eigna.
- Stuðla að stöðugri þjónustu við viðskiptavinum og samfélag.
- Viðhalda traustri og sjálfbærri rekstrarstöðu.
- Styðja við verðmætasköpun í samfélaginu og umbætur innan hafnarsvæðisins.

3. LYKILÁHÆTTUR

Í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, hefur stjórn Faxaflóahafna sérstaklega skilgreint fimm lykiláhættur í starfseminni sem endurspeglar þá þætti sem geta haft mest áhrif á framgang stefnumarkmiða félagsins. Þær hafa verið skilgreindar sem:

- Öryggi og heilsa.
- Hafnavernd.
- Umhverfisstjórnun og mengunarvarnir.
- Net og upplýsingaöryggi.
- Fjárhagur- og rekstur.

4. ÁHÆTTUVILJI

Áhættuvilji stjórnar Faxaflóahafna einkennist af varfærni og aðeins tekin sú áhætta sem er ásættanleg í ljósi lögbundinna skyldna, góðra stjórnarháttanna og ábyrgðar gagnvart hagsmunaaðilum og í samræmi við markmið fyrirtækisins. Fari eftirstæð áhætta umfram skilgreindan áhættuvilja skal gripið til aðgerða eða leggja málið fyrir stjórn.

Yfirflokkur áhættu	Áhættuflokkur	Áhættuvilji
Fjárhagsleg áhætta	Lausafé og fjármögnun	●
	Markaðir	●
	Mótaðilar	●
	Reikningsskil	●
Rekstraráhætta	Öryggi og heilsa	●
	Umhverfi	●
	Hafnavernd	●
	Eignir, mannvirki og viðhald	●
	Mannauður	●
	Net- og upplýsingaöryggi	●
	Reglufylgni og eftirlit	●
Stjórnunar- og stefnumótunaráhætta	Stjórnarhættir	●
	Orðspor og ímynd	●
	Þróun og loftlagsmál	●
	Pólitík, lög og samfélag	●

5. ÁHÆTTUR OG UPPLÝSINGAGJÖF

Áhættur eru metnar eftir skilgreindu áhættufylki og lagt er mat á líkur þess að atburður gerist og áhrifum sem hann kann að hafa á fólk, umhverfi, innviði, fyrirtækið og rekstur þess. Með áhættustefnu hefur stjórn ákveðið hvernig skuli farið með upplýsingagjöf um eftirstæða áhættu.

Eftirstæð áhætta	Aðgerðir
●	Eftirstæð áhætta sem mælist græn krefst ekki umfjöllunar í áhættuskýrslu og ekki er ástæða til að greina þær frekar.
●	Ekki er þörf á sérstökum aðgerðum fyrir eftirstæða áhættu sem mælist gul nema hún sé umfram áhættuvilja. Meta skal hvort þessar áhættur séu að aukast á milli tímabila en ekki er þörf á að greina frá gulum áhættum í áhættuskýrslu stjórnar.
●	Þörf er á mótvægisáðgerðum til að draga úr eftirstæðri áhættu. Þessar áhættur skulu fá umfjöllun í áhættuskýrslu til stjórnar.
●	Eftirstæð áhætta sem mælist rauð ógna gjaldþoli eða rekstrarfærni Faxaflóahafna. Ef upp koma rauðar áhættur skal kalla saman neyðarstjórn þar sem ákvörðun skal tekin um viðbrögð við áhættunni og þessar áhættur skulu fá ítarlega umfjöllun í áhættuskýrslu til stjórnar.

6. FRAMKVÆMD OG ÁBYRGÐ

Stefnan er samþykkt af stjórn Faxaflóahafna og er á ábyrgð hennar.

Hafnarstjóri innleiðir áhættustefnu Faxaflóahafna og sér til þess að skilvirkt áhættustýringarkerfi og stuðningsferli séu til staðar. Hann tryggir jafnframt að ábyrgðarsvið þeirra sem koma að áhættustýringu sé skýrt, fullnægjandi eftirlit og góð yfirsýn yfir áhættu sé til staðar. Áhættumat og skýrslugjöf eru samþætt við árlega stefnumótun og fjárhagsáætlun.

Áhætturáð og Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd áhættustýringar og leggur mat á virkni hennar og gerir tillögur á úrbótum.

7. ENDURSKOÐUN

Áhættustefnan skal vera staðfest að lágmarki á þriggja ára fresti og einnig ef verða breytingar á starfsemi sem geta haft áhrif á markmið og stjórnarhætti.

Samþykkt af Hafnarstjórn

Reykjavík, 22. apríl 2026.

Innkaupastefna

Hafnarstjóri Faxaflóahafna ber ábyrgð á innkaupastefnu Faxaflóahafna. Sviðsstjórar viðskiptasviðs, innviða og framkvæmdasviðs tryggja framgang stefnunnar.

1. TILGANGUR OG UMFANG

Tilgangur innkaupastefnu Faxaflóahafna er að tryggja hagkvæm og ábyrg innkaup. Stefnan nær til allra innkaupa Faxaflóahafna.

Faxaflóahöfnum ber við innkaup á vöru, þjónustu eða verki að fylgja reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (veitutilskipunin).

2. STEFNA

Innkaupum Faxaflóahafna er sinnt af heilindum, hagkvæmni og ábyrgum hætti þar sem viðeigandi lögum, reglugerðum og reglum er fylgt í hvívetna.

Faxaflóahafnir gera kröfu til þeirra aðila er vinna fyrir hönd Faxaflóahafna að undirgangast kröfur um heilindi og gæði í viðskiptum sem er öllum aðgengilegⁱ.

3. STEFNUMARKMIÐ

- Innkaup eru í samræmi við lög og reglur sem um fyrirtækið gilda.
- Áhersla er á hagkvæmni og að uppfylla stefnur og markmið Faxaflóahafna um öryggis- og umhverfismál og kröfur í vottuðum stjórnkerfum þar um, ISO 45001 og ISO 14001.
- Faxaflóahafnir einsetja sér að koma fram með siðferðilega ábyrgum hætti og af heilindum og ástunda gagnsæi í öllum viðskiptum.
- Ákvæðum um keðjuábyrgð til að sporna við mögulegri misnotkun á vinnuafli er framfylgt í samstarfi við birgja og er beitt í innkaupasamningum.

4. ANNAD

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef Faxaflóahafna. Innkaupastefnan gildir frá og með staðfestingu stjórnar og er endurskoðuð eftir þörfum.

Samþykkt af Hafnarstjórn

Reykjavík 21.06.2024

ⁱ [Heilindi og gæði í viðskiptum.](#)

8. júní 2026

Borgarráð

Kosning fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Faxaflóahafna sf.

Hér með sendist útskrift úr fundargerð tilnefningarnefndar dags. 6. mars 2026:

11.Faxaflóahafnir sf.

Samþykkt að leggja til við borgarráð að frestað verði tilnefningum kjörinna fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. til framhaldsaðalfundar sem boðað verði til eigi síðar en 15. september nk.

Þorsteinn Gunnarsson
borgaritari